



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

47. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 8. desember 2025 kl. 18.⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson, formaður

Antonía Helga Guðmundsdóttir

Jakob Guðnason í fjarfundarbúnaði

Steinar Sigurjónsson, starfsmaður nefndarinnar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

1. Unnin fjallskil.

Farið yfir reikninga vegna unninna fjallskila.

Lagfæra þarf þrjá reikninga, Steinari falið að hafa samband við viðkomandi.

Aðrir reikningar samþykktir.

Innheimta þarf vegna unninna fjallskila eftirfarandi aðila:

Hagavík alls 6 dagsverk að fjárhæð alls 60.000.-

Orkuveitan Nesjavellir alls 26 dagsverk að fjárhæð 260.000.-

Bláskógabyggð: Austurleit Þingvallasveit alls 150.000.-

Bláskógabyggð: Tögl alls 70.000.-

2. Rétt í Kringlumýri

Gera þarf ráð fyrir því næsta sumar að lagfæra fjárrétt í Kringlumýri. Læsingar eru orðnar lélegar og spýtur í réttinni víða lausar. Starfsmanni nefndarinnar falið að fylgja málinu eftir og sjá til þess að farið verði í nauðsynlegar lagfæringar fyrir næsta haust.

3. Söguskilti Selflötum

Fjallaskilanevnd hvetur sveitarstjórn til þess að ljúka við gerð og uppsetningu söguskiltis um gömlu réttirnar að Selflötum í Grafningi, en hluti af samkomulaginu um flutning réttanna fólst í því að umræddu skilti yrði komið upp.

4. Girðingar á eyðijörðum

Samkvæmt 12. gr. girðingarlaga nr 135/2001 er umráðamönnum lands skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar. Vanræki umráðamaður lands þessi fyrirmæli er sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað og á þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama á við um eyðijörðir.



Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fjallaskilanevnd leggur til að sveitarstjórn fari í áttak sem snýr að því að hvetja landeigendur til þess að fjarlægja ónýtar girðingar af jörðum sínum, og í framhaldinu að fara í aðgerðir til þess að fjarlægja ónýtar girðingar sem landeigendur sjá ekki um að fjarlægja sjálfir.

5. Ristahlið að námu

Rætt var um þörf á ristahliði og lagfæringar á girðingum í kringum efnissnámu í landi Syðri-Brúar, en fé virðist eiga greiða leið þaðan af afrétti og niður í byggð. Formanni og starfsmanni falið að leita lausna með landeiganda.

6. Umsögn samráðsnefndar um fjallskilamál í Landnámi Ingólfs Arnarsonar

Fyrir liggur umsögn samráðsnefndar um fjallskilamál í Landnámi Ingólfs Arnarsonar um erindi sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps til sveitarfélagsins Ölfuss, „Girðing frá Húsmúlarétt að sveitarfélagamörkum“.

Umsögnin er ítarleg og vel unnin og leggur fjallaskilanevnd til að sveitarfélagið hafi umsögnina til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu málsins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 19:00.